

Útmatjurtir lífrænt LÍFR2ÚT06 haustönn 2025

Kennsluáætlun, **drög**

25.ág 12:45-15:45	Lotuvika. Vettvangsferð í gróðrarstöðina Reykjalund í Grímsnesi
26.ág 12:45-15:45	Val á garðlandi, jarðvegur og jarðvinnsla, sýrustig og kölkun, sáðskipti
01.sep 12:45-15:45	Ræktunaraðferðir, frágangur beða ofl.
05.sep 12:45-15:45	Fræ og yrki, vöxtur og þroski
08.sep 12:45-15:45	Sáning og uppeldi smáplantna, herðing, áburðargjöf í uppeldi, jarðvegur o.fl.
12.sep 12:45-14:10	Sáning og uppeldi smáplantna, herðing, áburðargjöf í uppeldi, jarðvegur o.fl.
15.sep 12:45-15:45	Jarðvegur, næringargjafar
19.sep 14:15-15:45	Jarðvegur, næringargjafar
23.sep 09:00-15:45	Lotuvika Vettvangsferð/gestakennari
29.sep 12:45-15:45	Ræktun einstakra tegunda
03.okt 12:45- 14:15	Ræktun einstakra tegunda
06.okt 12:45-15:45	Ræktun einstakra tegunda
10.okt 12:45-14:10	Ræktun einstakra tegunda
14.okt 09:00-15:45	Ræktun einstakra tegunda
20.okt 12:45-15:45	Ræktun einstakra tegunda, nýjar tegundir í ræktun
28.okt 09:00-15:45	lotuvika
07.nóv 09:00-15:45	Frágangur grænmetis, sala, dreifing og markaðssetning
14.nóv 09:00-15:45	Geymsla grænmetis
20.nóv 09:00-15:45	Plöntusjúkdómar og varnir
27.nóv 09:00-15:45	Upprifjun námsefnis
03.des 09:00-12:00	próf

Athugið að kennsluáætlunin getur tekið breytingum.

Forkröfur: Grasafræði, Jarðvegsræktun, Plöntulífeðlisfræði

Áfanginn er 6 einingar

Námsmat: Skýrslur úr vettvangsferðum, skilaverkefni samt. 30%

Ritgerð:20%

Lokapróf: 50%

Lágmarkseinkunn á lokaprófi: 4,5

Námsefni: efni frá kennara, glósur úr tímum og vettvangsferðum

Kennari: Ingólfur Guðnason

Áfangi LÍFR2ÚT06 – Útímatjurtir - lífræn ræktun	Einingar 6 fein	Hæfniprep 2
Lýsing Fjallað verður ítarlega um lífræna ræktun einstakra tegunda útímatjurta. Tekin eru fyrir eftirfarandi atriði í umfjöllun um hverja tegund: Val á yrkjum, fræ, val á garðlandi, áburðarþörf og valkosti við áburðargjöf, uppeldi, plöntun, umhirða, illgresiseyðing, sjúkdómar og meindýr, uppskera, geymsla og vörumeðhöndlun, geymslusjúkdómar og markaðsmál. Ræktunaráætlanir.		
Forkröfur GRAS3FV05 (Grasafræði), LÍFR3JR06 (Jarðvegsræktun), PLEF3FV05 (Plöntulífeðlisfræði)		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Helstu tegundum matjurta sem ræktaðar eru utandyra á Íslandi. • Vali á yrkjum og gæðum og meðhöndlun á fræi til lífrænnar matjurtaræktunar. • Mismunandi áburðarþörf plantna og leyfilegum valkostum við áburðargjöf. • Gerð ræktunaráætla og eftirfylgni með þeim. • Fjölgun, uppeldi og plöntuvernd í lífrænni útíráktun matjurta. • Uppskeru, meðhöndlun og geymslu lífrænt ræktaðra útímatjurta. • Markaðsmálum lífrænt ræktaðra útímatjurta.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Velja hentugar tegundir og yrki útímatjurta til lífrænnar ræktunar á Íslandi, metið með rökstuðningi. • Setja fram ræktunaráætlanir fyrir helstu tegundir útímatjurta og bregðast við fráviki frá þeim, metið með rökstuðningi. • Rökræða kosti og galla mismunandi ræktunartæknilegra þátta í lífrænni ræktun við aðra fagaðila, metið með rökstuðningi og rökræðum. • Meta hvaða aðferðir henta best við uppskeru, meðhöndlun, geymslu og sölu afurða lífrænnar útímatjurtaræktunar, metið með rökstuðningi.	

Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Greina tegundir helstu útímatjurta í lífrænni ræktun á Íslandi. • Fylgja ræktunaráætlunum fyrir helstu tegundir útímatjurta. • Beita viðeigandi ræktunartækni (þ.m.t. fjölgunaraðferðum, undirbúningi jarðvegs, áburðargjöf, vökvun, plöntuvernd) í lífrænni ræktun útímatjurta. • Beita viðeigandi aðferðum við uppskeru, meðhöndlun og geymslu afurða lífrænnar útímatjurtaræktunar. • Leita sér upplýsinga um markaðsmál varðandi lífrænt ræktaðar útímatjurtir.	• Öðlast staðgóða þekkingu á lífrænni ræktun mikilvægustu tegunda útímatjurta hér á landi, metið með rökstuðningi.
Námsmat Einkunn fyrir verkefni og kynningar nemenda, skriflegt próf, skýrslur úr verklegum æfingum.	
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara) Kennt verður með fyrirlestrum og verklegum æfingum í forræktun matjurta.	
Tenging við grunnþætti Læsi – Nemendur læra að meta gæði lands til útímatjurtaræktunar og verða læsir á landkosti og veðurfar. Sköpun – matjurtaræktun er skapandi í sjálfu sér. Heilbrigði og velferð – aukin neysla á grænmeti og þekking á ræktun þess stuðlar að líkamlegu heilbrigði og velferð. Sjálfbærni – nemendur læra að verða sjálfum sér nógir um matjurtir.	
Dags.: 4.9.2013 Höfundur: Guðríður Helgadóttir	